

Gangi ykkur vel með

VISTVÆN opinber innkaup í fámennum samfélögum



VISTVÆN INNKAUP

VISTVÆN opinber innkaup í fámennum samfélögum

Neysla vöru og þjónustu er mikil í opinberum rekstri. Þess vegna er mikilvægt að innleiða vistvæn innkaup í því skyni að draga úr mengun umhverfisins og auka sjálfbærni markaðarins. Víða á Norðurlöndum hefur verið unnið árum saman að því að koma á vistvænum innkaupum í opinberum rekstri. Fámenn samfélög eru komin skemmra á veg en þau geta litið til reynslu annarra stofnana, byggðarlaga og landa.

Bæklingur þessi er ætlaður yfirmönnum opinberra stofnana og innkaupafulltrúum sem íhuga nú eða hafa tekið ákvörðun um að taka upp vistvæn innkaup.

Bæklingurinn er sniðinn að litlum stofnunum í fámennum samfélögum og hefur að geyma einfaldar leiðbeiningar um innleiðingu vistvænna opinberra innkaupa og hvað þurfi til að tryggja árangur.

Vilji og innleiðing innanhúss

- Mikilvægt er að fullur vilji sé innan stofnunarinnar að koma á fót og innleiða vistvæn innkaup eigi tilætlaður árangur að nást.

MIKILVÆG!

- Gangið sérstaklega úr skugga um að vilji sé hjá yfirstjórn að skuldbinda sig til að innleiða vistvæn innkaup.
- Verjið nægilegum tíma og fé í vistvæn innkaup, þið uppskerið í samræmi við það.

Vilji og innleiðing
innanhúss

Hlutdeild og
skuldbinding

Tími og fé





Mótun fræðslu

Vistvæn innkaupastefna

- Mótið stefnu stofnunarinnar um vistvæn innkaup í einfaldri mynd.

MIKILVÆGT!

- Óþarfi er að semja nýja innkaupastefnu frá grunni. Leitið fanga í vistvænni innkaupastefnu ríkisins, sveitarfélagi og hjá öðrum stofnunum. Hugmyndirnar geta komið að notum við að móta stefnu sem sniðin er að ykkar stofnun.
- Yfirstjórninni ber að samþykkja vistvæna innkaupastefnu og skuldbinda sig til að fylgja henni.
- Allt starfsfólk á að þekkja stefnuna, til dæmis að lokinni kynningu á starfsmannafundi.

Þekkja stefnuna

Fræðsla

- Innkaupafulltrúar og notendur fá fræðslu um vistvæn innkaup.
- Birgjar fá fræðslu um vistvæn innkaup.

MIKILVÆGT!

- Mótið fræðslu um vistvæn innkaup og endurskoðið inntak hennar reglulega.
- Verjið tíma og fé til fræðslu um vistvæn innkaup.
- Hið opinbera þarf að eiga frumkvæði að fræðslu fyrir birgja.

ÁBENDINGAR! Samskiptaleiðir fyrir fræðslu

- Sameiginlegir fræðslufundir fyrir innkaupafulltrúa og birgja.
- Námskeið í vistvænum opinberum innkaupum.
- Staðbundnar heimasíður.

Verklagsreglur fyrir innkaup

- Styðjist við verklagsreglur fyrir vistvæn innkaup.
- Í reglunum verði umhverfisskilyrðum í ákveðnum vörflokkum forgangsraðað eftir mikilvægi. Bent verði á hvernig styðjast megi við umhverfisskilyrði eða aðra þætti umhverfisstjórnunar þegar gerðar eru lágmarkskröfur til vöru eða þjónustu sem ráðgert er að kaupa.
- Kannið hvort heimilt sé að fara fram á umhverfisvottun á við Svaninn eða Evrópublómið á vörum eða þjónustu. Ella þarf að tilgreina viðmið umræddra umhverfismerkja við gerð innkaupagreiningar.

MIKILVÆGT!

- Reglurnar skulu vera einfaldar, gagnorðar og auðskiljanlegar.
- Við gerð gátlista skal þess gætt að hann sé einfaldur og auðveldur í notkun.
- Sá sem ber ábyrgð á innkaupum ber einnig ábyrgð á vistvænum innkaupum.

Brautin rudd

- Byrjið rólega og takið eitt skref í senn.
- Finnið gátlista eða leiðbeiningar sem henta stofnunum í fámennum samfélögum á Norðurlöndum.
- Styðjist við þá gátlista og leiðbeiningar sem eru fyrir hendi til að velja þau umhverfisáhrif sem lögð er áhersla á í upphafi. Til dæmis mætti byrja á efnum og efnasamböndum, orku, koldíoxíði eða úrgangi.

MIKILVÆGT!

- Það á að vera einfalt að innleiða vistvæn innkaup.
- Leggið áherslu á eitt eða tvö umhverfisatriði í upphafi, t.d. orkunotkun. Hafið þó hugfast að reyna að koma auga á þau umhverfisáhrif sem eru alvarlegust, miðað við starfsemi stofnunarinnar.
- Gætið hreinskiptni og sanngirni í samstarfi við birgja og aðra innkaupafulltrúa í opinberum rekstri.

Framboð og eftirspurn

- Hið opinbera er hlutfallslega stór aðili á staðbundnum markaði og getur með vali sínu haft áhrif á framboð á vistvænni vöru og þjónustu.
- Oft reynist hagkvæmt að kaupa vistvænt.

MIKILVÆGT!

- Hafið hugfast að í fámennum samfélögum er iðulega fjöldi lítilla söluaðila sem hver um sig hefur margar vörutegundir á boðstólum. Litlir birgðasalar eru ekki alltaf í aðstöðu til að kynna sér umhverfisstarf allra vöruframleiðenda. Hvetjið því alltaf birgja til að afla sér áreiðanlegra upplýsinga og hafið hugfast að slíkt tekur tíma.

Umhverfis-
vottaðar vörur
eru ekki dýrari

Eftirfylgni

- Miklu máli skiptir hvernig stjórn opinberrar stofnunar fylgir vistvænum innkaupum eftir, til hvatningar fyrir innkaupafulltrúa en einnig til að þróa innkaupaferli frekar.

MIKILVÆGT!

- Viðhaldið vönduðum vinnubrögðum við vistvæn innkaup um leið og unnið er að því fet fyrir fet að gera innkaupaferlið í heild skilvirkara.
- Finnið og mælið lykiltölur.

Einföld ferli

Skilvirkt og
raunsætt
Lykiltölur

Innkaupaferlið

Vönduð innkaup kosta tíma og fé

- Takið frá tíma og fé til að undirbúa innkaupin. Það á eftir að skila sér.
- Verið hreinskiptin við birgja og mismunið þeim ekki.
- Ekkert liggur á. Birgjar þurfa ráðrúm, meðal annars til að votta umhverfiseiginleika vörunnar.
- Afdráttarlausar og tímanlegar viðræður við birgja eru mikilvægar ef takast á að efla markað fyrir vistvænar vörur.
- Kannið hvaða vörur og þjónusta eru umhverfismerktaðar eða hafa hlotið aðra áreiðanlega vottun.
- Takið upp samstarf og viðræður við hagsmunaaðila eða fyrirtæki um hvernig auka megi framboð á umhverfissvottuðum vörum og þjónustu.

Parfagreining


Markaðskönnun

Útboð

Tilboð

Samningur

Innkaup



Valdar merkingar og leiðbeiningar

Umhverfissvottun

Áreiðanleg umhverfissvottun telst sú sem óháður aðili hefur eftirlit með. Fáein dæmi:



Svanurinn, opinbera norræna umhverfismerkið, tekur á umhverfisáhrifum sem eiga sér stað á öllum lífsferli vöru eða þjónustu. Skilyrði Svansins eru til fyrir 70 ólíka flokka vöru og þjónustu.

ecolabel.dk eða www.nordic-ecolabel.org



Evrópublómið, umhverfismerki ESB, er svipað Svaninum og eru skilyrði þess til fyrir u.þ.b. 30 vöruflokka.

ecolabel.eu



Orkustjarnan (Energy Star) er opinber merking á orkunýtnum skrifstofutækjum.

eu-energystar.org

Umhverfismerking á hráefni



Merki ESB fyrir lífræna framleiðslu.
ec.europa.eu/agriculture/organic/home_da

Dæmi um vottun á lífrænni framleiðslu í einstökum löndum



Tún
tun.is



Krav
krav.se



Statskontrolleret
økologisk:
foedevarestyrelsen.dk



Debio
debio.no

Leiðbeiningar um vistvæn innkaup

- Opinber vistvæn innkaup á Íslandi. Vefsíða með gátlistum og leiðbeiningum: vinn.is
- Umhverfisleiðbeiningar dönsku umhverfisstofnunarinnar: miljoevejledning.dk
- Útboðsviðmið sænsku umhverfisstofnunarinnar: miljostyrning.se
- Reglur Motiva um vistvæn opinber innkaup: motivanhankintapalvelu.fi/sv
- Handbók um umhverfissjónarmið í opinberum innkaupum: ec.europa.eu/environment/gpp/pdf/handbook_da.pdf
- Obinber innkaup í Noreg: anskaffelser.no

Ráðgjafar

Atlanticon

Bryggjubakki 4, Postboks 263, FO -110 Tórshavn, Færeyjum
www.atlanticon.fo

EcoProfile

N.Järnvägsg. 17B 16, FIN -00100 Helsinki, Finnlandi
www.ecoprofile.fi

Umhverfisyfirvöld

Umhverfisstofnun

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Íslandi
www.ust.is

Umhvørvisstovan

Traðargøta 38, FO-160 Argir, Færeyjum
www.us.fo

Ålands landskapsregering

Pb 1060, AX-22111 Mariehamn, Ålandseyjum
www.regeringen.ax

Bæklingur þessi var unninn á vegum verkefnisins „Innleiðing á vistvænum opinberum innkaupum í fámennum samfélögum á Norðurlöndum“. Íslendingar, Álendingar og Færeyingar tóku þátt í verkefninu og vinnuhópur um fámenn samfélög styrkti það en hann er undirhópur HKP, vinnuhóps Norrænu ráðherranefndarinnar sem fjallar um sjálfbæra neyslu og framleiðslu. Lesið nánar um HKP og vinnuhóp um fámenn samfélög: www.norden.org/hkp

ANP 2013:772

ISBN 978-92-893-2639-1



norden

Norræna ráðherranefndin

Ved Stranden 18
DK-1261 København K
www.norden.org